

## Svar

### félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Brynhildi Björnsdóttur um vændi.

1. *Hvaða vinnumarkaðsúrræði standa þeim til boða sem eru á leið úr vændi eða mansali?*

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða samkvæmt lögum nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Meðal þeirra vinnumarkaðsúrræða sem Vinnumálastofnun ber að sjá um eru námskeið, starfstengd úrræði, námsúrræði og starfsendurhæfing auk þess sem stofnuninni ber að sinna ráðgjöf til atvinnuleitenda. Þeim einstaklingum sem eru á leið úr vændi eða mansali standa til boða sömu vinnumarkaðsúrræði og öðrum atvinnuleitendum.

2. *Hvaða fjárhagsaðstoð stendur brotápolum vændis til boða svo að þeir geti horfið úr vændi?*

Ekki er um sérstaka opinbera fjárhagsaðstoð að ræða til brotáþola vændis svo að þeir geti losað sig úr vændi.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, eru það sveitarfélög sem bera ábyrgð á félagsþjónustu, þ.m.t. fjárhagsaðstoð til framfærslu innan marka síns sveitarfélags. Allir íbúar sveitarfélagsins eiga samkvæmt lögunum rétt á félagslegri ráðgjöf, upplýsingagjöf og leiðbeiningum um félagsleg réttindamál og þann stuðning sem er í boði.

Í VI. kafla laganna er kveðið á um fjárhagsaðstoð. Þar kemur fram að sveitarstjórn skuli setja reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar og að félagsmálanefnd meti þörf og ákveði fjárhagsaðstoð til einstaklinga í samræmi við reglur sveitarstjórnar.